



Númer skjals:	FMS-EBL-029
Skjalalykill:	02.01 Fjárhagsáætlun
Útgáfa:	1
Útgáfudags.:	13.07.2018
Síðast rýnt / næst rýnt:	2018 / 2019
Ábyrgðarmaður:	Deildarstjóri áætlunar og greiningar

FMS-EBL-029 Jafnréttisskimun

Tilgangur jafnréttisskimmunar:

Með jafnréttisskimun er tekið saman með einföldum hætti mat á áhrifum tillögunnar/verkefnisins á jafnrétti kynjanna og/eða jaðarsetta hópa í samræmi við stefnu Reykjavíkurborgar um kynjaða fjárhags- og starfsáætlun. Jafnréttisskimunin styður við ákvarðanatöku stjórnenda og kjörinna fulltrúa og forgangsröðun um ráðstöfun fjármuna. Fáir tillagan áframhaldandi brautargengi, er gert ráð fyrir að hún fari í jafnréttismat hafi hún jafnréttisáhrif.

Upplýsingar um verkefnið/tillöguna:

Dagsetning:	12.09.2019
Svið:	Velferðarsvið og skóla- og frístundasvið
Unnið af:	Dís Sigurgeirsdóttir/Guðrún Sigtryggisdóttir
Verkefni/tillaga:	Tillaga um þróunarverkefni í Breiðholti: <i>Betri borg fyrir börn - Markvissara samstarf skóla- og frístundasviðs og velferðarsviðs í þjónustu við börn og fjölskyldur þeirra.</i>
Þjónustubáttur:	Þjónustumiðstöð Breiðholts
Stofnun/kostn.st.:	R3001
Fjárhæð:	Rúmast innan fjárheimilda
Annað:	

Jafnréttisskimun:

Hver er tillagan og hvert er markmið hennar?
Tillagan lýtur að því að skóla- og frístundasvið og velferðarsvið setji af stað þróunarverkefni sem sameinar þjónustu við börn undir einu þaki á þjónustumiðstöð Breiðholts. Markmið verkefnisins er að bæta þjónustu við börn, ungmenni og fjölskyldur þeirra í skóla- og frístundastarfi borgarinnar.
Hefur verið hugað að aðgerðum við undirbúning tillögunnar til þess að stuðla að jafnrétti? Ef já, lýsið.
Frístundastarf og þjónusta við börn er veitt öllum kynjum jafnt.
Hvaða hópa snertir tillagan?
Tillagan snertir þjónustuþega velferðarsviðs og skóla- og frístundasviðs, þ.e. börn í leik- og grunnskólum og fjölskyldur þeirra. Jafnframt snertir tillagan lítinn hóps starfsfólks velferðarsviðs og skóla- og frístundasviðs, sem flytjast í hina nýju skóla- og frístundadeild á Þjónustumiðstöð Breiðholts. Konur og karlar eru í hópi starfsfólks hinnar nýju deildar.
Hvernig hefur tillagan áhrif á stöðu kynjanna og jaðarsetta hópa? Rökstyðjið.
Tillagan miðar að því að bæta þjónustu við börn og foreldra og er til þess fallin að hafa jákvæð áhrif á þann hóp. Þjónustan er veitt þjónustuþegum jafnt óháð kyni. Bæði konur og karlar eru starfsmenn hinnar nýju skóla- og frístundadeildar Þjónustumiðstöðvar Breiðholts.
Er talin vera þörf á jafnréttismati á tillögunni?¹
Nei, ekki er talin vera þörf á jafnréttismati á tillögunni.

¹ Jafnréttismat felur í sér ítarlega kortlagningu á stöðu kynjanna og jaðarsettra hópa á viðkomandi sviði og greiningu á því hvernig tillagan getur aukið jafnrétti og/eða tryggt réttindi þeirra. Jafnréttismat tekur mið af mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar, lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10 frá 2008 og Evrópusáttmála um jafna stöðu kvenna og karla í sveitarfélögum og héruðum samþykktum í borgarstjórn 20. október 2009.